til laga um breyting á lögum nr. 23, 11. júli 1911, um vita, sjómerki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfestingu hafnarreglugerða, að sett sjeu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sje kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Nú verður farartálmi, t. d. sekkur skip á löggiltri höfn eða á almennri siglingaleið, skal þá hafnarnefnd eða, ef hún er engin, hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varnar frekari slysum, svo sem með því að tilkynna ráðuneytinu atburðinn, merkja staðinn, nema farartálmann burt eða gera hann óskaðlegan. Skal þetta fram fara eins fljótt og unt er. Staðinn skal merkja í samræmi við allsherjarreglur og í samráði við vitamálastjóra. Kostnaðinn við þessa merkingu greiðir hafnarsjóður, þegar farartálminn er á hafnarsvæðinu eða á leið þangað, en ef farartálminn er þar fyrir utan, svo og ef hafnarsjóður er enginn, kostar ríkissjóður merkinguna.

Nú vanrækir hafnarnefnd að merkja farartálma, þar sem henni ber að gera það, lætur þá ráðuneytið framkvæma merkinguna á kostnað hafnarsjóðs.

Farartálma skal nema burt eða gera óskaðlegan eins fljótt og unt er,

og skal hreppstjóri eða hafnarnefnd sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið.

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema í burt farartálma inni á löggiltri höfn, greiðir hlutaðeigandi hafnarsjóður, að því leyti, sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það gilda á hverjum tíma. Verði kostnaður sá, er hafnarsjóður kemur til með að greiða samkvæmt þessu, meiri en svo, að nemi hálfum árstekjum sjóðsins það ár, greiðir ríkissjóður það, sem fram yfir er, enda hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Nú vanrækir hafnarnefnd að eyða farartálmanum, og lætur þá ráðuneytið framkvæma verkið, en kostnaðurinn við það greiðist eftir sömu reglum og að framan greinir. Verði ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða hafnarleiða, sker ráðuneytið úr.